



## **Jólaþveðja**

*Félag íslenskra náttúrufræðinga óskar félagsmönnum og fjölskyldum þeirra  
gledilegrar hátíðar og farsældar á nýju ári.*

Skrifstofa FÍN er í  
Borgartúni 6, 3. hæð  
105 Reykjavík

Opið alla virka daga frá kl.  
09:00-12:00 og  
13:00-16:00

Sími: 595-5175  
Fax: 595-5179  
Farsími: 864-9616  
Netfang: [fin@bhm.is](mailto:fin@bhm.is)  
Veffang: [www.fin.is](http://www.fin.is)

Starfsmenn á skrifstofu:

Páll Halldórsson,  
formaður

Marianna H. Helgadóttir,  
framkvæmdastjóri

Margrét Rafnsdóttir  
Skjala- og upplýsingafulltrúi

Útgefandi:  
FÍN

Ábyrgðamaður:  
Marianna H. Helgadóttir

Upplag:  
Netútgáfa

Prentun:  
FÍN

Mynd: Myndasafn MBL

Starfsmaður sem er við störf fyrstu viku nóvembermánaðar fær greidda persónuuppþót 1. desember ár hvert miðað við fullt starf tímabilið 1. janúar til 31. október. Þeir sem hafa hætt störfum á árinu njóta desemberuppþótar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sjá nánar ákvæði kjarasamninga.

Desemberuppþót í ár verður **að lágmarki** sem hér segir:

## Desemberuppþót

| Samningur             | 2013   |
|-----------------------|--------|
| Ríki                  | 52.100 |
| Sveitarfélög          | 80.700 |
| Reykjavíkurborg       | 58.000 |
| Aðalkjarasamningur SA | 59.200 |

Varðandi aðalkjarasamning SA þá er að öðru leiti er vísað til ákvæða í ráðningasamningi.

## Styrktar- og sjúkrasjóður BHM

Síðustu forvöð til að sækja um styrki og senda inn gögn hjá Styrktar- og sjúkrasjóði BHM vegna almanaksársins 2013 er 9. desember nk. Sótt er um á "Mínum síðum": <https://www.bhm.is/minar-sidur>

Frá og með 1. janúar 2014 taka báðir sjóðir við rafrænum gögnum vegna umsókna um styrki.

Við bendum sjóðfélögum á að um hver áramót eru gefnar út endurskoðaðar reglur sjóðanna sem við hvetjum félagsmenn okkar til að kynna sér.

Allar úthlutunarreglur eru aðgengilegar á vefnum fyrir alla sjóði:  
<http://www.bhm.is/styrkir-og-sjodir>

# Vísindasjóður FJN

Almennur umsóknarfrestur um styrk úr Vísindasjóði FÍN er frá 1. desember til 16. desember 2013 eigi greiðsla að berast 19. desember nk. og frá 17. desember 2013 til 31. janúar 2014 eigi greiðsla að berast í janúar 2014. Allir styrkir verða afgreiddir eigi síðar en 31. janúar 2014.

Vegna tæknilegra örðugleika verður ekki hægt að sækja um styrkinn fyrir en 10. desember 2013 og er beðist afsökunar á þessum tögum. Sækja skal um styrkinn rafrænt á heimasíðu FÍN— Mínar síður: <https://www.bhm.is/minar-sidur>.

**Rétt til úthlutunar úr sjóðnum hafa sjóðsfélagar sem hafa greitt í sjóðinn.** Greitt er í sjóðinn fyrir þá aðila sem þiggja laun samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sambandi sveitarfélaga. Ríkisstarfsmenn eiga ekki rétt úr sjóðnum. Á almennum markaði er hægt að semja um það í ráðningarsamningi að greitt sé í Vísindasjóð FÍN og þá getur sá hinn sami sótt um styrk úr sjóðnum.

**Styrkurinn fyrir árið 2013 verður 120.000,- kr. miðað við 100% starfshlutfall á tímabilinu 1. nóvember 2012 til 31. október 2013 og verður styrkurinn lagður inn á reikning umsækjanda eigi síðar en 19. desember 2013 hafi umsókn borist fyrir 16. desember 2013.**

## Ábendingar:

Félagsmenn sem greitt er fyrir í sjóðinn og hafa tekið fæðingarorlof á úthlutunartímabilinu fá þann tíma metinn ef þeir hafa merkt við á „Umsóknareyðublaði um fæðingarorlof“ að þeir óski eftir því að félagsgjald til FÍN sé tekið af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Tilgreina þarf tímabil fæðingarorlofs og hlutfall á umsókninni um styrkinn (Vinnustaður/Starfshlutfall).

Hafi sjóðfélagi greitt í sjóðinn á síðasta úthlutunartímabili, 1. nóvember 2011—31. október 2012, en ekki sótt um hefur hann tækifæri til þess nú. Sækja þarf um sérstaklega fyrir fyrra tímabil og taka fram í athugasemdum að um fyrra tímabil sé að ræða.

Ef upp koma vandamál þegar sótt er um styrkinn eða ef greiðsla berst ekki 19. desember nk. þá vinsamlegast hafið samband við skrifstofu FÍN í síma 595-5175 eða sendið tölvupóst á netfangið [fin@bhm.is](mailto:fin@bhm.is).

## Heimasíða FJN OG „Mínar síður“

Vefsíða félagsins var uppfærð fyrir síðasta aðalfund félagsins. Í kjölfarið hefur Bandalag háskólamanna og sjóðir BHM endurnýjað sínar heimasíðu og unnið að uppsetningu á „Mínum síðum“ sem er þjónustugátt fyrir félagsmenn í aðildarfélögum BHM, <https://www.bhm.is/minar-sidur> FÍN og Vísindasjóður FÍN hafa látið hanna umsóknareyðublað fyrir Vísindasjóð FÍN á „Mínum síðum“ og stefnir að frekari þróun á þeirri gátt með þarfir félagsmanna FÍN í huga. Gert er ráð fyrir að næsta verkefni félagsins verði gerð félagatals á vefnum. Fréttabréf félagsins hefur einnig fengið upplýftingu og á auglýsingastofan Fítón þátt í því, en það er sama auglýsingastofa og hannaði merki félagsins.



# Tilkynningar frá félaginu

## Aðalfundur félagsins

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins og hann skal halda eigi síðar en í mars ár hvert og skal hann boðaður öllum félagsmönnum bréflega með a.m.k. viku fyrirvara. Lögum félagsins er aðeins hægt að breyta á lögsmætum aðalfundi með tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða.

Tillögur félagsmanna til lagabreytinga skulu hafa borist stjórn félagsins fyrir 1. febrúar 2014 og verða tillögur um lagabreytingar tilkynntar í fundarboði.

## Orlofhús FJN

Opið er fyrir bókanir á orlofshúsum í allt að 2 mánuði fram í tímann. Það er að segja, frá og með 1. desember 2013 er hægt að bóka dvöl í húsunum í desember 2013 og janúar 2014 og þann 1. janúar 2014 verður opnað fyrir bókanir í febrúar 2014, o.s.frv. Bókanir á orlofshúsum fer fram á heimasíðu félagsins:

<http://www.fin.is/um-felagid/umsokn-um-orlofshus>

**Orlofshúsin eru:** Fullsæll í Biskupstungum og Skógarkot í Þverárhlið (Norðtunguskógi).

**Vetrarleiga:** Skógarkot: Helgin kostar kr. 14.500

Fullsæll: Helgin kostar kr. 10.500

Kallað verður eftir umsóknum um páskavíkuna sérstaklega.

## Orlofssjóður BHM

Mörg orlofshús eru í boði hjá Orlofssjóði BHM allt árið um kring og bókanir fara fram á bókunarvef sjóðsins á "Mínum síðum". Á bókunarvefnum er hægt að kaupa gjafabréf vegna kaupa á flugumiðum hjá Icelandair, gjafabréf fyrir gistingu á hótélum víða um land og svo auðvitið veiðikortið 2014.

## Starfsþróunarsetur háskólamanna

Félagsmenn okkar, sem starfa hjá ríkinu og aðrir sem hafa samið um að greitt sé fyrir þá í Starfsþróunarsetur háskólamanna, eiga rétt á styrk úr sjóðnum og eru þeir hvattir til að kynna sér útlutunarreglur sjóðsins á vefsíðu Bandalags háskólamanna, <http://www.bhm.is/styrkir-og-sjodir>